




Getur „frétt“ rústað lánstrausti íbúa í heilu byggðarlagi?

Aðsend grein eftir Þorvald Jóhannsson.

bls. 13

Fréttabréf
Fjarðabyggðar



austur glugginn

Fréttablað Austurlands

frétt næmt
vikublað

11. tbl. - 13. árg. - 2014 - Föstudagur 21. mars.

Áskriftarverð kr. 1.750 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 550

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARÐABYGGÐ fjardabyggd.is

SVN
Síldarvinnslan hf
www.svn.is

Frá vinstri: Hildigunnur Jörundsdóttir frá Meet the Locals, Benedikta Guðrún Svavarsdóttir frá Haföldunni, Heiður Vigfúsdóttir frá Travel East og Karl Sölvi Guðmundsson frá Austurbrú. Ljós: Stefán Bogi Sveinsson.



Meet the Locals og Travel East frumkvöðlar ársins 2014 eystra

Markaðssvið Austurbrúar veitti á dögunum hvatningarverðlaun ferðapjónustunnar, Frumkvöðulinn og Klettinn. Alls bárust nú tilnefningar til verðlaunanna. Að þessu sinni hlutu tvö ferðapjónustufyrirtæki Frumkvöðulinn 2014, Meet the Locals og Travel East, en Kletturinn féll Þóru Bergnýju Guðmundsdóttur í skaut.

bls. 2



Ætlar að ná niður hallarekstri undanfarinna ára.

Viðtal við Kristínu Björgu Albertsdóttur, forstjóra HSA.

bls. 2-3

Meðal efnis:

- Skapandi greinar ein af stöðum Austurlands **bls.13**
- Stóra uppléstrarhátíðin á Austurlandi **bls.6**
- Úrvalsmjólk frá Hvannabrekku í Berufirði **bls. 4**
- Hælgubúð á Reyðarfirði nýtur sífellt meiri vinsælda **bls.15**
- Sælkerar og lokaorð **baksíða**

Er fermingarveisla framundan ?

Starfsfólk okkar ætstoðar þig með val á tertunni fyrir ferminguna. Allar tertur þarf að panta með minnst 4 daga fyrirvara.

Hafðu samband í síma 475 8000 eða

sendu okkur fyrirspurn á sesam@sesam.is



sesam
BRAUÐHÚS
Hafargötu 1 / Reykjavík
S 475 8000 / www.sesam.is
sesam@sesam.is

Ekki lengur afþreyingarskortur á Austurlandi

Hvatningarverðlaunin „Frumkvöðullinn“ hafa verið veitt frá árinu 2000. Þau eru veitt þeim aðilum sem sýna áræðni og hugmyndaauðgi við uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn og stuðla með verkum sínum að aukinni fjölbreytni í atvinnugreininni á Austurlandi. Með framtaki sínu og frumkvæði ryðja þeir brautina og eru öðrum sem vinna við ferðaðþjónustu nauðsynleg hvatning til dáða.

Meet the Locals, sem Tanni Travel hefur komið á fót, er klasaverkefni sem sameinar ferðaðþjónustuaðila og sveitarfélög á Austurlandi við markaðssetningu undir einu vörumerki sem tekið er eftir. Verkefnið sameinar flest það sem Austurland býður upp á og kemur jafnframt til móts við eftirspurn ferðamanna eftir því sem er „ekta“ og upprunalegt.

Austurför hefur gert ferðavörur og þjónustu margra ferðaðþjónustuaðila á Austurlandi aðgengilega í gegnum netið með ferðasöluvefnum traveleast.is. Fyrirtækið hefur hvatt til vörupróunar og lagt mikið í markaðssetningu svæðisins. Áður var kvartað yfir því að afþreyingu skorti á Austurlandi. Með tilkomu Travel East verður því ekki lengur haldið fram.

Þóra Bergný hefur rekið farfuglaheimilið Hafölduna síðan 1975



Þóra Bergný er Klettur ársins 2014

Hvatningarverðlaunin „Kletturinn“ hafa verið veitt frá árinu 2005. Þau eru veitt þeim aðilum sem um árabíl hafa staðið í framlínu ferðaðþjónustu á Austurlandi og með ósérhlífni og eljusemi stuðlað að framgangi og vexti atvinnugreinarinnar. Þeir eru bjargið sem ferðaðþjónustan byggir á og eru öðrum fyrirmynd í að klífa örðuga hjalla til að ná handfestu á framtíðinni.

Í ár var það Þóra Bergný Guðmundsdóttir, sem hefur rekið farfuglaheimilið Hafölduna á Seyðisfirði frá árinu 1975, sem hlaut Klettinn. Hún keypti nýverið „Gamla spítalann“ á Seyðisfirði og gerði hann upp. Þar með

bætti hún aðstöðuna svo um munar og getur núna tekið á móti gestum allt árið um kring. Þóra er borinn og barnfæddur Seyðisfirðingur og menntaður arkitekt. Hún hefur verið öflug á sviði menningarmála í bænum, skráði húsasögu Seyðisfjarðar sem kom út árið 1995 og hefur verið talsmaður fyrir verndun húsa á Seyðisfirði. Hún hefur átt mikinn þátt í því að gera bæinn að eftirsóttum viðkomustað ferðamanna.

Dómnefnd skipuðu þau Svava Ingibjörg Sveinbjörnsdóttir, Jörundur Hilmar Ragnarsson og Jón Pálsson.

Frumkvöðullinn

- Árið 2000: Lagarfljótsormurinn
- Árið 2001: Fransmenn á Íslandi
- Árið 2002: Ferðamálahópurinn á Borgarfirði eystra
- Árið 2003: Gistihúsið á Egilsstöðum
- Árið 2004: Skriðuklaustur
- Árið 2005: Ferðafélag Fjarðamanna
- Árið 2006: Fjalladýrð í Möðrudal
- Árið 2007: Ferðaðþjónustan Mjóeyri
- Árið 2008: Ólavía og Aðalsteinn í Klausturseli
- Árið 2009: Birds.is á Djúpavogi
- Árið 2010: Náttúru- og menningarsetrið Skálanes
- Árið 2011: Hótel Hallormsstaður - Þurý Bára Birgisdóttir og Þráinn Lárusson
- Árið 2012: Álfheimar á Borgarfirði
- Árið 2013: Meet the Locals og Travel East

Kletturinn

- Árið 2005: Jónas Hallgrímsson
- Árið 2006: Sveinn Sigurbjarnarson
- Árið 2007: Petra Sveinsdóttir
- Árið 2008: Helgi Magnús Arngrímsson
- Árið 2009: Einar Halldórsson
- Árið 2010: Anna Antoníusdóttir og Ólafur Eggertsson
- Árið 2011: Hlífur Þorsteinsson
- Árið 2012: Örn Þorleifsson
- Árið 2013: Þóra Bergný Gunnarsdóttir

Ætlar að ná niður hallarekstri undanfarinna ára

Viðtal við Kristínu Björgu Albertsdóttur, forstjóra HSA



Kristín Björg Albertsdóttir

Kristín Björg Albertsdóttir var skipuð forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) frá 1. júlí sl. en tók formlega við starfinu 1. september á síðasta ári. Hún er ekki ókunn stofnuninni, þar sem hún starfaði samtals í rúm 10 ár innan HSA, á 20 ára tímabili.

Komið víða við innan heilbrigðisgeirans

„Það er gagnlegt eftir á að hafa fengið tækifæri til þess að kynna starfsemi heilbrigðisstofnana innan fjórðungsins bæði fyrir og eftir sameiningu

þeirra í eina stofnun. Ég hóf fyrst störf innan stofnunarinnar, talsvert löngu fyrir sameiningu hennar eða strax eftir útskrift sem hjúkrunarfræðingur í júní 1987. Þá var ég beðin um að koma austur á Fáskrúðsfjörð, þar sem ég ólst upp, en þar vantaði þá hjúkrunarfræðing. Ég ákvað að slá til og fara á heimaslóðir, en aðeins í eitt ár, þar sem mig langaði að ná mér í reynslu á bráðadeild sem ég taldi mikilvægan undirbúning fyrir landsbyggðarhjúkrun. Þangað stefndi alltaf hugurinn“ segir Kristín.

Eftir ársdvöl á Fáskrúðsfirði réð hún sig til starfa á slysadeild Borgarspítalans, eins og hann hét þá, en flutti ári síðar aftur austur og þá á Seyðisfjörð ásamt fyrrverandi eiginmanni. Hún hóf fljótlega eftir það störf við hjúkrun á Seyðisfirði og svo sem hjúkrunarforstjóri á heilsugæslunni þar til þau fluttu í Egilsstaði árið 1993 þar sem Kristín leysti hjúkrunarforstjóra heilbrigðisstofnunar Egilsstaða af í tæpt ár. Eftir það lá leiðin til Akureyrar þar sem hún starfaði á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri í fjögur ár, fyrst í endurhæfingu og svo á slysadeild. „Þá flutti ég aftur í Egilsstaði og starfaði sem deildarstjóri heilsugæslunnar frá 1998-2002 en þá flutti ég til Reykjavíkur. Þá var yngsta barnið mitt af þremur að hefja skólagöngu og ákvað ég að setjast líka á skólabekk og hóf nám í lögfræði.



Umdæmissjúkrahús HSA.

Meðfram laganáminu vann ég á Læknavaktinni og í afleysingum hér eystra í nokkur sumur eftir að ég flutti, aðallega á heilsugæslunni á Fáskrúðsfirði og Djúpavogi. Ég útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands 2008 og var þá ráðin sem fulltrúi hjá sýslumanninum í Reykjavík þar sem ég vann í fjögur ár. Þá hóf ég störf á Biskupsstofu, sem sviðsstjóri fasteignasviðs þjóðkirkjunnar, þar til ég var skipuð sem forstjóri HSA.“

Óraunhæft að skila afgangi upp í uppsafnaðan halla

Fréttaflutningur af niðurskurði og niðurskurðaráformum innan HSA hefur verið áberandi undanfarin ár. Í ár er stofnuninni gert að ná niður hallarekstri auk þess að skila hagræðingarkröfu upp á 12 – 15 milljónir. Aðspurð út í hallarekstur undanfarinna ára og hvernig stofnunin hyggst ná að snúa rekstrinum við segir Kristín, „HSA hefur ekki farið varhluta af efnahagshruni þjóðarinnar fremur en aðrar ríkisstofnanir. Okkur er gert að reka stofnunina innan fjárlaga og til þess að svo megi verða þarf virkilega að halda vel á spöðunum á öllum vígstöðum. Fjáframlög er reiknuð eftir ákveðnu reiknilíkani, en það er kannski ekki alveg sniðið eftir þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Vegna hinnar dreifðu byggðar innan okkar heilbrigðisumdæmis, þ.e. starfssvæðis HSA, sem nær frá Bakkafirði til Djúpavogs, eru okkur takmörk sett hvað varðar tiltekna samlegð s.s. í vaktþjónustu lækna og sjúkraflutningum. Slíkt hefur eðli málsins samkvæmt umtalsverðan áhrif á kostnað.“

Hún segir að mikill halli hafi verið á rekstri stofnunarinnar á sl. ári, eða um 113 millj. Þá var uppsafnaður halli stofnunarinnar í árslok 2012, 131 millj. „Markmið okkar í ár er að reyna halda rekstrinum innan fjárlaga, en til þess að svo náist, þarf að ná fram umtalsverðri hagræðingu miðað við framúrkeyrsluna á sl. ári. Þær aðgerðir sem farið verður í innan HSA á þessu ári snúa fyrst og fremst að ýmsum samræmingar- og hagræðingaraðgerðum þvert yfir alla stofnunina, s.s. endurskoðun á vaktafyrirkomulagi. Það væri góður árangur ef það tækist að halda stofnuninni innan fjárlaga, en óraunhæft er að gera ráð fyrir að við náum að skila einhverjum rekstrarafgangi þetta árið upp í uppsafnaðan höfuðstólshalla.“

Framboð þjónustu hefur aukist

Aðspurð hvort hún sjái fyrir endann á niðurskurðarkröfu ríkisins á næstu árum. „Það segir einhvers staðar svo, að öll el styttir upp um síðir. Verðum við ekki að trúa því að það muni einhvern tíma rofa til rekstrinum sem og í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt? Það er þó ætíð svo, sama úr hve miklum fjármunum menn hafa að spila, þá þarf stöðugt að gæta aðhalds og hagkvæmni á öllum sviðum, ef ekki á að fara verr,“ segir Kristín sem er bjartsýn að eðlisfari.

Hún segir að krafan sé alltaf sú frá Velferðarráðuneytinu og stofnunin sé rekin innan fjárlaga. „Það er svo stjórnenda að leggja línurnar og spila þannig úr þeim fjármuninum sem okkur er skammtað að láta enda ná sam-

an. Tilhneigingin hefur frekar verið sú að starfsfólki hefur hieldur fjölgað á undanförunum árum og framboð á þjónustu,“ segir Kristín. Aðpurð nánar út í það hvernig þjónustan hefur breyst á undanförunum árum segir hún að framboð á sérhæfðri þjónustu hafi aukist, s.s. sálfræðiþjónustu og ýmis konar sérhæfðri meðferðar- og lækniþjónustu.

Uppsagnir og skerðingar á starfshlutföllum

Samkvæmt upplýsingum Austurgluggans er um 80% af rekstri HSA bundinn við launakostnað og því eðlilegt að spyrja hvort til uppsagna hafi komið? „Já, það hefur komið til nokkurra uppsagna, sem þó eru ekki margar í ljósi þess að innan stofnunarinnar starfa að jafnaði á bilinu 330-350 manns,“ segir Kristín og bætir því við eins og komið hefur fram að til skerðingar á starfshlutfalli hafi komið í nokkrum tilvikum.

Mannauður, öflug heilsugæsla og glæsilegt umdæmissjúkrahús

Kristín segir styrk HSA liggja víða. „Við höfum t.d. á að skipa frábæru og öflugum starfsfólki, við eigum sterka heilsugæslu og glæsilegt umdæmissjúkrahús sem er vel tækjum búð.“ Aðspurð hvaða áhrif nýtt hjúkrunarheimili á Egilsstöðum hefur á heilbrigðisþjónustu á Austurlandi segir Kristín að það muni „fyrst og fremst styrkja öldrunarþjónustuna á Héraði og að einhverju leyti létt á hjúkrunarþyngd annarra hjúkrunarheimila s.s. á Seyðisfirði.“

Góðar samgöngur lykill að samlegðaráhrifum

Kristín telur að Norðfjarðargöng muni hafa gríðarlega mikil og jákvæð áhrif á heilbrigðisþjónustuna í fjórðungnum. „Það er engin spurning“ segir hún og bætir því við að göng undir Fjarðarheiði séu afar brýn, „ekki síst í samfélagslegu tilliti. Góðar samgöngur eru ein helsta forsenda byggðapróunar og lykill hvers konar samlegðaráhrifa milli byggðarlaga,“ segir Kristín varðandi Norðarfjarðargöng og göng undir Fjarðarheiði.

Vill að HSA verði leiðandi í heilsuefingu og lýðheilsu



Sjúkrastofa í Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Kristín Björg telur HSA búa við ýmis sóknartækifæri inn í framtíðina og myndi vilja sjá HSA þróast sem leiðandi stofnun í „hvers konar heilsuefingu og lýðheilsu, sem stuðlaði að aukinni heilbrigðisvitund og vakningu meðal íbúa almennt, jafnframt því að veita framúrskarandi hjúkrunarþjónustu fyrir aldraða og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu eins og aðstæður okkar leyfa.

RITSTJÓRASPJALL

Það snjóar eins og fyrri daginn, en snjómagnið hér eystra hefur verið í sögulegu hámarki. Þrátt fyrir að starfssemi skíðasvæða sé háð snjó hefur skyggni verið takmarkað, lyftur á kafi og aðstæður til skíðaiðkunar því ekki verið sem skyldi. Forsvarsmenn skíðasvæðisins í Oddskarði eru þó hjartsynir, búið er að opna svæðið og framundan er Páskafjör og ef fram fer sem horfir verður svæðið opið fram á sumar.

Snjómagnið hefur þó aðrar og alvarlegri afleiðingar í för með sér í fjórðungnum okkar. Það var síðast í vikunni sem björgunarsveitir þurftu að berjast yfir tvo fjallvegi, Fjarðarheiði og Oddskarð, til þess að koma veikum einstaklingi undir læknishendur. Aðstæður voru mjög erfiðar en allt fór þó vel að lokum og allir komust heilir á leiðarenda.



Kristborg Bóel Steindórsdóttir
Ljósm. Kormákur Máni - KOX

Ég spurði góðan vin minn sem hefur verið meðlimur í björgunarsveit í mörg ár, hvað það var sem rak hann í þetta í upphafi og enn frekar hvað það er sem hefur haldið honum í sveitinni ár eftir ár. Svarið hans var einfalt. Hann vill láta gott af sér leiða og leggja sitt af mörkum til þess að bæta samfélagið. Þá spila útivistaráhugi og ævintýraþrá inn í og það að félagsskapurinn er skemmtilegur og gefandi.

Fyrir mér er björgunarsveitafólk ofurhetjur og eldhugar. Ég hugsa oft til þess með hlýju í hjarta hversu óeigingjart starf sjálfbóðaliðar sem þessir vinna, en útköllin gera ekki boð á undan sér eða taka tillit til þess hvort um ræðir venjulegan eftirmiðdag eða jólanótt. Aðstæður eru oft mjög erfiðar en þau sem slíku sinna setja sig sjálf ekki í fyrsta sæti, heldur okkur sem þurfum á þeim að halda. Það er ekki sjálfgefið og ber að þakka, þúsundfalta.

Úrvalsmjólk frá Hvannabrekku



Einar Sigurðsson, forstjóri, Steinþór Björnsson og Auðbjörg Elísa Stefánsdóttir bændur á Hvannabrekku og Egill Sigurðsson, stjórnaformaður.

Auðbjörg Stefánsdóttir og Steinþór Björnsson, bændur á Hvannabrekku í Berufirði, voru á dögum verðlaunuð fyrir úrvalsmjólk, þriðja árið í röð. Hvannabrekka var eina kúabúið á Austurlandi sem hlaut þessa viðurkenningu í ár, en verðlaun hljóta þau bú sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánudum ársins.

Það er metnaður allra mjólkurframleiðenda að viðhalda miklum gæðum í íslenskri mjólkurframleiðslu og því eru gerðar mjög strangar gæðakröfur til allrar mjólkur sem er lögð inn. Sýni eru tekin úr allri mjólk þar sem kannað er hvort lyfjaleyfar leynist í henni auk þess sem vikulega eru mældir hinir ýmsu þættir, s.s. gerlamagn(líftala), frumutala og fitusýrur sem ákvarða hvort mjólkinn stenst gæðakröfur. Ef hún stenst ekki gæðakröfur er hún verðfelld og/eða sett sölubann á afurðir frá viðkomandi búi þar til bætt hefur verið úr.

Þau bú sem koma allra best út í mælingunum fá greitt sérstakt álag á mjólkurverðið eftir hvern mánuð. Á hverju ári eru það alltaf nokkrir sem ná því að vera með úrvalsmjólk alla mánuði ársins.

Austurskáld

Austurskáld síðustu viku var Jóney Jónsdóttir. Hún skoraði í framhaldinu á Huldu Þráinsdóttur að leggja til ljóð í þessari viku.

Á Alþingi

Hér er ýmislegt óhreint á kreiki
eitthvað svo skrítið á reiki,
en þjóðin hún kaus
svo grandvaralaus
þett'er einn allsherjar ómöguleiki.

Málfræði ástarinnar

Síðan þú yfirgafst mig
fyrir gæs að norðan
hef ég aðeins hugsað um þig
innan gæsalappa.

Set kommu á eftir
held samt
að þar eigi að vera punktur.

Það skiptir ekki máli
því hjá þér
var ég alltaf innan sviga.

Hulda skorar hér með á Sigbrúði Sigurðardóttur að leggja Austurglugganum til skáldskap í næstu viku.

Hollráð Hunda Hönnu



Sælir dýraeigendur.

Oft hef ég velt fyrir mér hvernig og hvenær Íslendingum datt í hug að gefa köttum mjólk og fisk? Líklegast hefur það komið vegna þess að fisk var auðvelt að fá og mjólkinn var til á hverju því heimili sem átti kú. Það var því handhægt að gefa kisunum ódýran mat, fyrir utan það hversu sólgjar kisurnar eru í þetta tvennt.

Margir halda að þetta sé náttúruleg fæða fyrir kisur, en því fer fjarri. Kisur veiða fugla, ekki fiska. Fiskur hefur slæm áhrif á feld og húð katta, getur valdið flösu og hárlösi en hjá fressum getur hið háa prótein-innihald valdið þvagsteinum sem eingöngu er hægt að laga með sérstakri þvagblöðruskolun og ströngu dýralækna-mataræði undir eftirliti dýralækna. Mjólkinn hefur að sama skapi neikvæð áhrif á feldinn sem og meltinguna, en kisan getur auðveldlega fengið í magann af of mikilli kúamjólk. Einstaka mjólkursopi kemur ekki að sök, en vatn er sá drykkur sem alltaf á að vera í boði fyrir ketti.

Ef þú vilt gera vel við kisuna þína, gefðu henni þá kisunammi og gæðafóður fyrir ketti, en slepptu mjólkinni og fisknum.

Mjálmandi kveðjur, HundaHanna


www.hundahanna.is /hanna@hundahanna.is

www.austurglugginn.is

austur
glugginn

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Kristborg Bóel Steindórsdóttir • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750
Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Guðmundur Y Hraunfjörð • 477 1571 & 891 6484 - auglysing@austurglugginn.is
Útgafandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.



Við vinnum hörðum höndum

Enduruppbygging efnagslífsins hefur kallað á miklar fórnir almennings. Íbúar landsbyggðarinnar hafa ekki síst mátt þola samdrátt í opinberri þjónustu. Á sama tíma eru fjármálafyrirtæki, útgerðir og tryggingarfélög að skila hluthöfum sínum methagnaði ár eftir ár.

Nýgerðir kjarasamningar voru aðfarasamningur stærri kjarasamnings með heilstæða stefnumótun að markmiði. Verkalýðshreyfingin þarf að eiga skýra aðkomu að stefnumótun stjórnvalda á sviði t.d. heilbrigðis- og menntamála þannig að við getum staðið vörð um jafnan rétt allra til ásættanlegrar heilbrigðisþjónustu og jafnan aðgang allra að menntun.



Austfirskt launafólk hefur verið öflugt í starfi íslenskrar verkalýðshreyfingar allt frá stofnun fyrsta verkalýðsfélagsins á Austurlandi 1896. Verkefni næstu mánaða verður að efla samstöðu og krefjast þess að rödd almennings verði skýr við stefnumótun helstu samfélagsmála.



Til góðra verka!

Stóra upplestrarhátíðin á Austurlandi



Héraðshátíðum Stóru upplestrarkeppninnar á Austurlandi lauk á dögunum. Sú fyrri fór fram í hátíðasal Grunnskóla Reyðarfjarðar 12. mars fyrir skóla í Fjarðabyggð og Breiðdalshreppi en sú síðari í hátíðasal Egilsstaðaskóla 13. mars fyrir skóla á Fljótshálsá, Seyðisfirði og Vopnafirði. Því miður komust Vopnafirðingar þó ekki til keppninnar þegar á reyndi vegna óveðurs og ófærðar á fjallvegum.

Hátíðarnar voru báðar afar glæsilegar og fóru vel fram. Börnin komu vel fyrir og yfirdómari keppninnar, Porleifur Hauksson íslensku- og bókmenntafræðingur sem kom frá Röddum í Reykjavík, hafði á orði að hann hefði sjaldan upplifað jafn góðan lestur í þeim keppnum sem hann hefur dæmt. Hrósaði hann börnunum í hástert fyrir góða framsögn og upplestur. Það var eftirtektarvert hve börnin komu öll þrúðmannlega fram og voru skólum sínum til mikils sóma.

Bæjarstjórar Fjarðabyggðar og Fljótshálsá heilduðu samkomurnar með nærveru sinni og fluttu ávörp hvor í sínu sveitarfélagi. Nemendur úr Tónlistarskóla Reyðarfjarðar fluttu tónlist við hátíðina þar og nemendur úr

tónlistarskólunum á Egilsstöðum og í Fellabæ á hátíðinni á Egilsstöðum. Íslandsbanki gaf peningaverðlaun fyrir þrjú efstu sætin á hvorri hátíð fyrir sig og fulltrúar bankans afhentu verðlaun á hvorum stað. Öll börnin fengu ljóðabók eftir Guðfinnu Þorsteinsdóttur að gjöf frá Félagi íslenskra bókaútfendenda, viðurkenningu og rauða rós fyrir þátttöku í keppinni. Sigurvegarar í keppnunum urðu:

- Á suðursvæði**
1. Birna Marín Viðarsdóttir, Nesskóla
 2. Sesselja Bára Jónsdóttir, Grunnskóla Eskifjarðar
 3. Jóhanna Lind Stefánsdóttir, Nesskóla

- Á norðursvæði**
1. Karen Björnsdóttir, Egilsstaðaskóla
 2. Ragnhildur Elín Skúladóttir, Hallormsstaðaskóla
 3. Mikael Helgi Ernusson, Brúarásskóla



Þátttakendur í keppinni á Norðursvæði.

Austfirskir svæðisfjölmiðlar

Fræðslufundir á Egilsstöðum og í Neskaupstað



Hrafnkell Lárusson

Hrafnkell Lárusson, sagnfræðingur og fyrrum forstöðumaður Héraðsskjalasafns Austfirðinga, verður með erindi á tveimur fræðslufundum Austurbrúar í næstu viku. Fyrri fundurinn verður á Vónarlandi á Egilsstöðum þriðjudagskvöldið 25. mars og sá síðari í Kreml í Neskaupstað miðvikudagskvöldið 26. mars. Báðir fundirnir hefjast kl. 20:00.

Markmið fræðslufunda Austurbrúar er að bjóða íbúum upp á ókeypis fróðleik og gefa þeim sem vilja koma á framfæri áhugaverðum rannsóknaniðurstöðum eða öðrum fróðleik kost á því.

Hrafnkell hefur frá því um mitt ár í fyrra rannsakað svæðisbundna fjölmiðlun á árunum 1985-2010. Rannsóknin beinist sérstaklega að Austurlandi, en hún er unnin á vegum Háskóla Íslands. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að meta samfélagsleg áhrif svæðisbundinnar fjölmiðlunar og hlutverk svæðisfjölmiðla í dreifbýli. Á tímabilinu sem er til rannsóknar störfuðu bæði ljósvaka- og prentmiðlar á Austurlandi. Starfsstöðvar þessara miðla voru jafnan annað hvort á Egilsstöðum eða í Neskaupstað.

Í erindunum mun Hrafnkell fjalla almennt um svæðisfjölmiðlun á Austurlandi en víkja sérstaklega að starfsemi fjölmiðla sem starfræktir voru á hvorum stað.

TÆKNIDAGUR
FJÖLSKYLDUNNAR


Tæknidegi
fjölskyldunnar frestað

Tæknidegi fjölskyldunnar, sem halda átti í Verkmenntaskóla Austurlands laugardaginn 29. mars nk., er frestað um óákveðinn tíma vegna verkfalls framhaldsskólakennara.

VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS

Samvinna • þekking • árangur

Fréttabréf Fjarðabyggðar



Ípróttir og tómstundir á breiðum grunni



Samningsaðilar að undirritun lokinni í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði.
Á myndina vantar fulltrúa Kajakklúbbsins Kaj.

Um 30 milljónir króna renna á næstu þremur árum til þeirra ípróttafélaga í Fjarðabyggð sem reka eigin ípróttaaðstöðu, samkvæmt samningum sem tekist hafa á milli þeirra og sveitarfélagsins. Aðkoma bæjarstjórnar snýr að því að breikka og styrkja grunn íprótt- og tómstundastarf sveitarfélagsins. „Stór dagur í ípróttasögu sveitarfélagsins,“ segir Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri.

Í Fjarðabyggð eru starfandi sjö ípróttafélög sem reka eigin ípróttaaðstöðu. Það eru Golfklúbbur Norðfjarðar, Golfklúbbur Byggðarholts, Golfklúbbur Fjarðabyggðar, Hestamannafélagið Blær, Kajakklúbburinn Kaj, Skotípróttafélagið Dreki og Vélhjóla- og ípróttafélag Fjarðabyggðar. Samningarnir

styðja við uppbyggingu og rekstur á aðstöðu hvers félags, sem er mikilvæg viðbót við það starf sem fram fer á vegum sveitarfélagsins.

Samfélagslegur ávinningur

Um markmið samningsgerðarinnar segir bæjarstjóri að mikið og óeigingjarnt sjálfbærliðastarf félaganna komi sveitarfélaginu í heild til góða. „Samfélagslegi ágóðinn er margs konar og birtist til að mynda í þeim lífsgæðum sem fjölbreytt framboð í ípróttum og tómstundastarfi veitir. Á það við um bæði fullorðna og , ekki hvað síst, börn og unglinga. Ávinningurinn felst einnig í auknu forvarnargildi, þar sem fjölbreytni þessa mikilvæga starfs hefur bein áhrif á skírskotun þess og almenna þátttöku á meðal æskufólksins okkar.“

Reglubundin sumarnámskeið

Auk þess sem ípróttafélögin kappkosta að byggja upp aðstöðu viðkomandi ípróttageinar, mun hvert þeirra gangast fyrir reglubundnum sumarnámskeiðum fyrir börn og unglinga. Styrktarfjárhæð hvers árs nemur liðlega 10 milljónum króna og nemur á samningstímanum alls 31,5 milljón króna. Undirritunin fór fram í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði þann 13. mars sl. „Þetta er stór dagur í ípróttasögu sveitarfélagsins og í mínum huga einhverjir þeir ánægjulegustu samningar sem ég hef komið að fyrir hönd Fjarðabyggðar,“ jatar bæjarstjórinn ánægður í bragði.

Þá hefur fræðslu- og frístundanefnd samþykkt úthlutun á ípróttastyrkjum fyrir 2014. Heildarúthlutun nam rúmri 12,5 milljón króna og fór hún fram samkvæmt nýjum úthlutunarreglum sem samþykktar voru á síðasta ári um rekstrar-, ferða- og afreksstyrki ásamt styrkjum vegna sérverkefna. Umsóknir bárust frá öllum ípróttafélögum í Fjarðabyggð og má sjá úthlutun til hvers þeirra á vef Fjarðabyggðar, fjardabyggd.is.

Fjarðakortið

Nýtt íbúakort með marga möguleika



Fjarðakortið er rafrænt íbúakort sem gildir í Strætisvagna Austurlands og ípróttamiðstöðvar Fjarðabyggðar. Kortið er hluti af CTS-aðgangsstýringarkerfi (Curron Ticket System) sem Fjarðabyggð hefur tekið upp samhliða

góðum árangri. Helsti kostur þess felst, að sögn Guðmundar Eliassonar, mannvirkjastjóra Fjarðabyggðar, í þeim mörgu notendavænu möguleikum sem kerfið býður upp á og koma í stað beinnar miðasölu eða gjaldtöku. „Kaupa má áfyllingar á kortið á netinu og getur notandinn valið á milli þess að kaupa allt frá 10 miðum og upp í árskort, allt eftir því hvaða þjónusta á í hlut. Fá má fá áfyllingar í ípróttamiðstöðvum Fjarðabyggðar, þar sem sjálft kortið fæst einnig keypt gegn vægu gjaldi, en auk þess sem nota má Fjarðakortið í strætó, gildir það í sund og á líkamsræktarstöðvar.“ Guðmundur segir enn fremur að fleiri möguleikar verði skoðaðir í ljósi reynslunnar af nýja aðgangsstýringarkerfinu og nefnir skólamáltíðir og bókasafnsútlán sem hugsanleg dæmi í því sambandi.

SVAust, en útbreiðsla þess hefur farið hratt vaxandi á meðal sveitarfélaga hér á landi. Sundstaðir Reykjavíkur, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og ípróttahús í Garðbæ nýta sér sem dæmi CTS aðgangsstýringarkerfið með

Nánari upplýsingar um Fjarðakortið eru á fjardabyggd.is.



Hvert snjómetið hefur fallið af öðru í Oddsskarði í vetur. Ekki er á þessari stundu ljóst hvort snjómagnið er það mesta síðan 1975 eða 1953, en nóg er af snjó, svo mikið er víst, og enn sér ekki fyrir endann á snjókomunni. Ljóst er að snjórinn dugir langt fram á sumar og hefur bæjarráð Fjarðabyggðar samþykkt að lengja opnunartíma skíðasvæðisins fram í júní.

70.000 m³ af snjó

Snjó hefur sem kunnugt er kyngt niður í Oddsskarði undanfarna mánuði. Rekstur Skíðamiðstöðvarinnar hefur að sama skapi snúist um að halda svæðinu opnu, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, en snjódýptin nemur nú 7 metrum í 500 metra hæð og ofar. Að sögn Dagfinns Ómarssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins, hefur á síðustu þremur vikum meira en 70.000 rúmmetrum af snjó verið rutt í burtu. „Snjódýptin gæti svo aukist um einn eða tvo metra til viðbótar, áður en hún fer að minnka aftur í sumar. Miðað við magn er því nokkuð ljóst að snjórinn mun endast langt fram á sumar.“



Snjótrodarinn hefur haft mikið að gera í vetur.

47 opnunardagar það sem af er vetri

Spurður um stöðu mála, segir Guðmundur Halldórsson, íþrótt- og tómstundastjóri Fjarðabyggðar, að sökum veðurs hafi aðstæður til skíðaiðkunar ekki verið sem skyldi í Oddsskarði. Samhliða bilun í snjótrodara gerði jafnframt mikla ofankomu og tekið hafi tíma að vinda ofan af því. Í millitiðinni var gert samkomulag um afnot af skíðasvæðinu í Stafdal, fyrir æfingar hjá eldri flokkum í Skíðafélagi Fjarðabyggðar, sem Guðmundur segist Stafdalsmönnum afar þakklátur fyrir. „Með skipulegu átaki starfsfólks skíðamiðstöðvarinnar hefur síðan tekist að koma aðstæðum í Oddsskarði í eins eðlilegt horf og snjóalög leyfa og eru opnunardagar í Oddsskarði orðnir 47 það sem af er vetri, þrátt fyrir veðurhaminn. Við horfum því björtum augum fram á veginn og vonumst til að koma öllu skíðasvæðinu í samt lag fyrir páska.“

Opið í maí og júní

Þá verða þeir möguleikar sem hafa skapast á lengri opnunartíma jafnframt nýttir að sögn Guðmundar, en að óbreyttu hefði skíðasvæðinu verið lokað 27. apríl nk. „Bæjarráð hefur samþykkt að lengja tímann um níu helgar í

maí og júní. Ef fram heldur sem horfir getur Skíðamiðstöðin „í Oddsskarði boðið skíðafólk velkomnið nánast fram á mitt sumar.“



„Á skíðum skemmti ég mér.“

Skíðasvæði með mikla framtíðarmöguleika

Oddsskarð er eitt besta skíðasvæði landsins, sem má í megindráttum rekja til þess að aðstæður eru frá náttúrunnar hendi góðar til skíðaiðkunar. Fjallshlíðin myndar nokkurs konar skál með möguleikum á mörgum og skemmtilegum skíðaleiðum og afstaða gagnvart sól gerir að verkum að snjóbráð verður ekki of mikil á sólríkum dögum. Þetta eru að mati nýs starfshóps, einungis fá dæmi af mörgum um verulega framtíðarmöguleika Oddsskarðs sem skíðasvæðis.

Hópin skipa Dagfinnur Ómarssonar, forstöðumaður, Garðar Eðvald Garðarsson, fulltrúi Skíðafélags Fjarðabyggðar, Guðmundur Elíasson, mannvirkjastjóri, Helga Guðrún Jónasdóttir, markaðs- og upplýsinga-fulltrúi, Sævar Guðjónsson, fulltrúi faghóps í ferðaþjónustu, Þorvarður Sigurbjörnsson, fulltrúi fræðslu- og frístundaneftndar, Þóroddur Helgason, fræðslustjóri og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, formaður atvinnu- og menningarneftndar, sem jafnframt er formaður hópsins.

Starfshópurinn hefur haldið tvo fundi og stefnir að því að skila af sér áfangaskýrslu til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar nú í vor. Hópnum er ætlað að gera tillögur um framtíðarskipan svæðisins með tilliti til skíðaiðkunar annars vegar og ferðaþjónustu hins vegar. Starfsmaður starfshópsins er Guðmundur Halldórsson, íþrótt- og tómstundastjóri.

Skíðamiðstöð Austurlands ODDSSKARÐI

Páskafjör í Fjarðabyggð 17. til 21. apríl 2014



Frá Páskafjöri í Oddsskarði 2009.

Velkomin á Tríólahátíð um páskana í Austfirsku Ölpunum. Brettabrautir, þrautabrautir, páskaeggjamót og kjötsúpukveðjuhátíð að hætti Skíðamiðstöðvarinnar með ekta Tírólastemningu.

Skírdagur

Dagur brettafólksins. Lögð verður Bordercross-braut ásamt stökkum og hólum og um kvöldið fer fram hið árlega Super Jump snjóþreitamót. Opið 10:00-17:00 og 20:00-23:00.

Föstudagurinn langi

Þrautabraut fyrir yngstu kynslóðina. Opið frá 10:00-17:00

Laugardagurinn

Ekta Tírólastemning og Tírólatónlist um kvöldið. Kl. 13:00 hefst risastórvíg fyrir 16 ára og eldri í minningu Gunnars Ólafssonar. Opið frá 10:00-17:00 og frá 20:00-23:00.

Páskadagur

Sparifatadagur. Kl. 13:00 hefst páskaeggjamótið fyrir 8 ára og yngri. Allir fá páskaegg í verðlaun. Opið frá kl. 10:00-17:00.

Annar í páskum:

Kjötsúpukveðjuhátíð að hætti Skíðamiðstöðvarinnar. Opið frá 10:00-17:00.

Fáðu nánari upplýsingar um Páskafjör í
Oddsskarði á oddsskard.is eða
í farsíma 878 1474.

Nýr golfhermir



Golfhermirinn er staðsettur í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar á Reyðarfirði, að Austurvegi 1.

Golfunnendur geta nú æft uppáhaldsþróttina sína óháð veðri og vindum. Golfklúbbur Fjarðabyggðar hefur tekið í notkun nýjan Optishot golfhermi, sem er staðsettur á efri hæðinni í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar á Austurvegi 1 Reyðarfirði. Hermrinn hefur unnið til margra eftirsótttra verðlauna fyrir háþróaðan en afar notendavænan búnað sem er sagður líkja glettilega vel eftir raunverulegum aðstæðum.

Margir af frægustu golfvöllum

Einfalt er að bóka tíma á heimasíðunni golfklubbur.simplybook.me, en opið er í herminn vikra daga kl. 18:00-22:00 og um helgar kl. 10:00-22:00. Nú er bara að bóka tíma og bæta sveifluna. Notendur mæta með eigin golfkylfur og geta spreytt sig á mörgum af frægustu golfvöllum heims.

Leiðtoganámskeið



Á myndinni eru f.v. Jóhannes Kristinn Hafsteinsson, Selma Rut Ómarsdóttir, Sigurbergur Ingi Jóhannsson, Smári Gunnarsson, Steina Gunnarsdóttir, Garðar Logi Ólafsson, Helgi Laxdal Helgason leiðbeinandi frá 0% hreyfingunni, Viktor Ómarsson leiðbeinandi frá JCI hreyfingunni.

Ungmennaráð Fjarðabyggðar tók nýlega þátt í vel heppnuðu leiðtoganámskeiði, sem fram fór í félagsmiðstöðinni Hellingum á Fáskrúðsfirði. Leiðbeinendur voru Helgi Laxdal Helgason, 0% hreyfingunni og Viktor Ómarsson, JCI hreyfingunni, báðir reyndir leiðtogapjálfarar fyrir ungt fólk og fullorðna.

Hvað einkennir góða leiðtoga?

Á meðal þess sem fjallað var um voru kenningar um árangursríka leiðtoga, einkenni „góðra“ leiðtoga og hvernig þjálfar megi upp slíkæiginleika. Einnig voru kennd undirstöðuatriði í fundarsköpum, ræðumennsku og fundarstjórn og –ritun. Umræður á námskeiðinu voru fjörugar og stemmningin mjög góð.

Allt á fullu í boltanum



Einbeittir þátttakendur í knattspyrnskóla sem fram fór fyrir nokkrum árum í Neskaupstað.

Það stefnir í skemmtilegt vor hjá fótboltakrökkum í Fjarðabyggð. Framundan eru þrjú opin mót fyrir stelpur og stráka í 7. til 3. flokki. Þetta eru Fjarðaálsmótið, Stefnu-mót á Akureyri og Goðamót Pórs. Að sögn Helga „Mola“ Ásgeirssonar, yfirþjálfara í knattspyrnu, hófst Goðamótið í febrúar sl., Fjarðaálsmótið fer svo fram í apríl og maí og Stefnu-mótið í mars og maí. „Opnu mótin eru skemmtilegur vettvangur fyrir krakkana til að kynnst bæði öðrum krökkum og íþróttinni sem slíkri. Þau fá breiðari sýn á möguleikana og tækifæri til að spreyta sig og láta reyna á það sem þau hafa verið að æfa,“ segir hann og bætir við að veðurfarið hafi reyndar sett nokkur strík í reikninginn. Ófærð hafi sem dæmi hamlað för hjá 6. flokki karla á Goðamótið helgina 14. til 16. mars. „6. flokkur kvenna á svo leik núna 28. til 30. mars og vonandi leikur veðrið við okkur þá helgina,“ segir Helgi og brosir vongóður. Þá er stefnt að fyrsta Stelpudegi Fjarðabyggðar og VHE á næstu vikum. „Þekktar landsliðskonur koma til okkar á Stelpudeginum og verða með æfingar í Fjarðabyggðarhöllinni fyrir allar stelpur á Austurlandi í 5. til 2. flokki. Við þurfum að fresta deginum fram yfir áramót vegna veðurs og erum núna að finna hentugan dag í kringum næstu mánaðamót fyrir landsliðskonurnar. Næsti Stelpudagur verður síðan aftur í haust.“

„Svarta teppið“ sló í gegn



Benedikt Sigurjónsson er Fjarðabúum að góðu kunnur sem forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar á Norðfirði. Hann stendur nú á tímamótum, en Benedikt, eða Benti eins og við þekkjum hann flest, hefur ákveðið að segja starfi sínu lausu eftir 25 ára farsælt uppbyggingarstarf.

Eini starfsmaðurinn

Áður en Benti tók við forstöðumannsstarfinu, hafði hann verið bæjarverkstjóri í Neskaupstað um 10 ára skeið. Árin hjá sveitarfélaginu eru því 35 og að stórum hluta tími mikilla framkvæmda. Verk-

stjórarstarfið hafi því reynst góður grunnur fyrir þau umfangsmiklu verkefni sem voru í vændum. Í byrjun lét forstöðumannsstarfið þó ekki mikið yfir sér og var hann eini starfsmaðurinn fyrstu fimm árin, eða allt fram til ársins 1995. Þá var byggingu nýs íþróttahúss lokið eftir tveggja ára törn og fleira starfsfólk ráðið til íþróttamiðstöðvarinnar. „Bæði var starfsemin orðin umfangsmeiri og kröfurnar sem gerðar voru í eftirliti og gæslu, höfðu einnig verið hertar til muna. Viðvera starfsmanns var sem dæmi áskilin allan notkunartíma hússins, en fram að því höfðu íþróttafélögin séð sjálf um eftirlitsþáttinn utan hefðbundins opnunartíma.“

120% aukning sundgesta

Skammt var stórra höggva á milli og árið 2001 var röðin komin að því að taka Sundlaug Norðfjarðar í gegn. Endurbótum á kari sundlaugarinnar var lokið 2004 og tveimur árum síðar var nýtt þjónustuhús risið. „Einnig voru lagðir nýir heitir pottar og tvær stórar rennibrautir reistar,“ rifjar Benti upp. „Þetta var mikil bylting. Yfirleitt þurfti að hafa gömlu sundlaugin lokaða í janúar, febrúar og mars, vegna veðurs og aðstæðna. Það segir sig sjálft að reksturinn var ekki sérlega hagkvæmur með hliðsjón af notkun. Frá því að sundlaugin opnaði í nýrri og endurbættri mynd hefur fjöldi gesta aukist um 120%, sem segir jafnframt sitt um þau auknu lífsgæði sem framkvæmdir af þessum toga fela í sér fyrir bæjarbúa.“

„Svarta teppalagningin“

Spurður að minnistæðum atvikum, beinst svarið í fyrstu hvorki að íþróttahúsinu né sundlauginni heldur „svarta teppinu“ svokallaða. Árið 1979 ákvað bæjarstjórn að láta klára malbikun á götum bæjarins og var bæjarverkstjóranum nýráðna falið að koma austur malbikunarstöð sem keypt hafði verið af Akureyrarbæ. Verkefnið varð með þeim snúnari sem Benti hefur lent í og afrek að ná stöðinni fyrst í sundur og svo aftur saman að flutningi loknum. „Það ljóta rugl gleymdist nú fljótt eftir að við fórum að malbika,“ segir Benti. „Mikil stemmning skapaðist í kringum malbikunina og var ánægjan og gleðin slík að fólk bauð í kaffi og tertur þegar „svarta teppið“ var komið á götuna hjá því.“

Á heildina litið, segir Benti þó minnisstæðast allt það góða og kraftmikla samstarfsfólk sem hann hafi verið svo lánsamur að starfa með að uppbyggingu bæjarins. „Það er mikið lán og fyrir það er ég þakklátur,“ segir hann og áréttar andartaki síðar, að alveg hættur sé hann ekki. „Ég verð eitthvað áfram hjá íþróttamiðstöðinni sem starfsmaður á plani. Það er kominn tími á að nýr forstöðumaður taki við, en vonandi fæ ég að vera viðloðandi á meðan ég get gert eitthvað gagn.“



austur glugginn

AUSTUR FRÉTT



Vitundarvakning
um mikilvægi svæðisbundinna fjölmiðla
fyrir lýðræði og samfélög

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

„Fjölmiðlar eru upplýsingabrunnar, en þeir eru líka vettvangur skoðanaskipta og hafa áhrif á skoðanamyndun og sýn fólks á samfélög, bæði sitt eigið og önnur. En hafa fjölmiðlar áhrif á sjálfsmynd samfélaga? Skiptir máli að hafa „eigin rödd“?“

MÁLÞING

„SVÆÐISBUNDNIR
FJÖLMÍÐLAR OG LÝÐRÆÐI“



HRAFNKELL
LÁRUSSON



GÍSLI
EINARSSON



BIRGIR
GUÐMUNDSSON



DAGMAR ÝR
STEFÁNSDÓTTIR



FUNDARSTJÓRI:
BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR

Egilsstaðir:

Hótel Hérað - 5. apríl kl.13:30

Pallborðsumræður að loknum framsöguverndum



FRÆÐSLU- FYRIRLESTRAR UM SÖGU SVÆÐIS- BUNDINNA FJÖLMÍÐLA



HRAFNKELL
LÁRUSSON

Egilsstaðir:

Vonarland

25. mars

kl.20:00

Neskaupstaður:

Kreml

26. mars

kl.20:00



Við styðjum svæðisbundna fjölmiðla til góðra verka á Austurlandi



27 glæsilegar ljósmyndir af Austurlandi eftir 13 ljósmyndara



Markaðsvið Austurbrúar auglýsti síðastliðið haust eftir ljósmyndum af Austurlandi sem nota mætti til markaðssetningar fyrir landshlutann og fyrir póstkort. Alls skiluðu 22 ljósmyndarar inn 188 myndum en 27 myndir eftir 13 ljósmyndara urðu fyrir valinu.

Nú þegar er farið að nýta myndirnar. Þannig hefur verið ákveðið að smábókin „East Iceland“ fyrir árið 2014–2015 muni skarta myndunum auk þess sem hluti þeirra verður á forsiðu þjónustukortsins sem markaðsvið Austurbrúar gefur út árlega. Reikna má með að myndirnar fái góða dreifingu og komi að góðum notum við starf markaðssviðsins fyrir landshlutann. Óskað var eftir myndum úr eftirfarandi flokkum: Þéttbýli á Austurlandi: „Bærinn minn“, söfn, setur, kirkjur og sögufrægir staðir, áhugaverðir staðir í náttúrunni, áhugaverð flóra á Austurlandi, dýralíf á Austurlandi, menningarlíf á Austurlandi, fólkið á Austurlandi, árstíðir Austurlands og Austurland í öðru ljósi. Litið var til þess að myndirnar endurspegluðu Austurland, samspil manns, dýra og náttúru, séð með augum íbúa.

Dómnefnd var skipuð þeim Gunnari Gunnarssyni, Björgu Björnsdóttur og Hönnu Gyðu Þráinsdóttur. Sem fyrr segir urðu 27 ljósmyndir fyrir valinu sem teknar voru af 13 ljósmyndurum.

Ljósmyndarar eru:

- Agnieszka Sosnowska
- Arna Silja Jóhannsdóttir
- Arnar Már Árnason
- Barbara Gancarek-Śliwińska
- Borghildur Hlíf Stefánsdóttir
- Halldóra Tómasdóttir
- Jón Tryggvason
- Kristján H. Svavarsson
- Ómar Bogason
- Páll G. Ásgeirsson
- Sigrún Júnía Magnúsdóttir
- Steingrímur Karlsson
- Urður Snædal

Persónulegt albúm bæjarbúa

Ljósmyndabókin „Albúm Seyðisfjörður“ er komin út



Sunnudaginn 23. mars verður útgáfuhóf á Hótel Öldunni á Seyðisfirði í tilefni þess að ljósmyndabókin „Albúm Seyðisfjörður“ er komin glóðvolg úr prentsmiðjunni. Það er Seyðisfjarðarkaupstaður sem stendur fyrir útgáfu þessarar

óvenjulegu ljósmyndabókar í samvinnu við lista- og hönnunarteymið RoShamBo. Í tengslum við útgáfuna hefur einnig verið prentuð póstkortasería með sex völdum myndum úr bókinni.

Mikill fjöldi mynda barst í söfnunina

RoShamBo teymið, sem samanstendur af þeim Þórunni Eymundsdóttur, Hönnu Christel og Litten Nyström, sá um útfærslu og gerð bókarinnar fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Þær lögðu upp með þá hugmynd að ljósmyndabókin yrði eins konar persónulegt albúm bæjarbúa þar sem samansafn myndanna gæfi tilfinningu fyrir mannlífi og umhverfi frá þeirra sjónarhorni. Því var efnt til ljósmyndasöfnunar meðal heimamanna og gesta Seyðisfjarðar og kallað eftir myndefni sem að þeirra mati þætti áhugavert, fallegt eða ein-kennandi fyrir Seyðisfjörð. Þar sem ljósmyndun almennings hefur aukist gríðarlega á síðustu árum kom ekki á óvart hversu mikill fjöldi mynda barst við söfnunina sem fór fram síðastliðið haust.

Seyðfirsk stemmning og yfirbragð

Við val myndanna var hofit til þess að ná fram seyðfirskri stemningu og yfirbragði en það kom skemmtilega á óvart hversu margar einstaklega góðar ljósmyndir var að finna í safninu. Þó er ekki um neina glansmynd að ræða heldur fá allar árstíðir og veðrabrigði að njóta sín, svo sem hin fræga Austfjarðapoka og yfirþyrmandi vetrarmyrkrið.

Bókin er 84 blaðiður og inniheldur 65 ljósmyndir eftir 38 ljósmyndara. Í þeim hópi má finna áhugljósmyndara og listamenn og bæði er um að ræða innfædda og aðra sem stoppa stutt við í bland.

Nánari upplýsingar um útgáfuna á finna á heimsíðunum visitseydisfjordur.com og roshambo.is.

„Samstarfið mun skila sér í uppbyggingu þjónustu á Héraði“

Þjónustusamfélagið á Héraði og Fljótsdalshérað undirrituðu samning



Sigrún Hólm, formaður Þjónustusamfélags Fljótsdalshéraðs, undirritar hér samninga við Björn Ingimarsson, bjarstjóra Fljótsdalshéraðs og Heidi Vigfúsdóttur hjá Austurför.

Þjónustusamfélagið á Héraði og Fljótsdalshérað undirrituðu samning um ráðningu verkefnastjóra markaðsmála í síðustu viku. Það verður Austurför ehf. sem mun annast vinnu við verkefnið. Sigrún Hólm, formaður félagsins, segir þessa ráðningu vera grundvöll samstarfs milli Þjónustusamfélagsins og sveitarfélagsins.

Eins og Austurglugginn greindi frá var Þjónustusamfélagið á Héraði formlega stofnað á fjölmennum kynningarfundum sem haldinn var af félagi verslunar- og þjónustuaðila á Héraði og Fljótsdalshéraði í febrúar. Þar var kosið í stjórn sem falið var það verkefni að koma félaginu á laggirnar og undirbúa aðalfund þess sem haldinn verður þriðjudaginn 25. mars. Nú hafa hátt í 30 fyrirtæki skráð sig í félagið.

Sigrún segist finna fyrir meðbyr meðal fyrirtækja á svæðnu og eru menn bjartsýnir á að samstarfið muni skila sér í uppbyggingu þjónustu á Héraði og bættri ímynd Egilsstaða sem þjónustukjarna Austurlands. „Fjöl mörg verkefni eru á döfinni og því mun verkefnastjóri ekki sitja auðum höndum. Ég vil hvetja þau fyrirtæki sem ekki hafa skráð sig að gera það sem fyrst því þetta er stórt verkefni sem við viljum öll að gangi vel. Það er algjört lykilatriði að allir taki þátt og vinni verkefnið saman.“

Skráningar fara fram gegnum netfangið thjonustusamfelag@gmail.com.

Skapandi greinar ein af stoðum Austurlands



Þrátt fyrir óveður og ófærð, náðu tæplega 40 manns að sitja vinnustofu um stefnumótun skapandi greina á Austurlandi.

Það var skýr niðurstaða vinnustofu um stefnumótun skapandi greina á Austurlandi að þessi atvinnugrein sé og eigi að vera ein af stoðum landshlutans. Ákveðið forskot hefur skapast þar vegna MAKE by Þorpið og Evrópuverkefnisins „Creative communities“ sem brýnt er að nýta.

Tæplega 40 manns tóku þátt í vinnustofunni þrátt fyrir að veður og færð settu strik í reikninginn. Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway og fyrrverandi framkvæmdastjóri Hugmyndahúss háskólanna leiddi fundinn sem hafði það verkefni að leggja drög að stefnu til ársins 2020 fyrir skapandi greinar á Austurlandi auk þess að skoða hvernig verkfærið MAKE by Þorpið gæti nýst í skapandi greinum til framtíðar.

Austurland hefur fjöregg í höndum sér

Á Austurlandi hefur verið rekið öflugt menningarstarf- og stefna síðastliðin tólf ár. Kraftmikið starf Seyðisfirðinga hefur rutt brautina og aukið áhuga á skapandi greinum í fjórðungnum auk þess að vekja athygli á Seyðisfirði og Austurlandi sem skapandi samfélagi. Með því starfi og tengslaneti innan fjórðungs sem utan og fyrir tilstuðlan alþjóðlegs samstarfs MAKE by Þorpið

og „Creative Communities“, hefur Austurland í höndum sér fjöregg sem getur leitt til umtalsverðar atvinnusköpunar í greininni, bæði í huglægum og hlutlægum skilningi. Brýnt er að Austurland nýti sér það forskot sem landshlutinn hefur á þessu sviði.

Sífelld meiri áhersla á skapandi greinar

Íslensk stjórnvöld samþykktu nýverið nýja hönnunarstefnu sem nær til ársins 2018, en þar er meðal annars stefnt að því að auka vægi hönnunar í íslensku atvinnulífi með það að sjónarmiði að styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og auka verðmætasköpun. Hönnunarstefnan byggist á þremur grunnstoðum, en þær eru aukin menntun og þekking, starfs- og stuðningsumhverfi hönnuða og vitundarvakning. Griðarleg tækifæri eru t.a.m. í menntamálum og markaðssetningu Austurlands sem áfangastaðar fyrir skapandi fólk.

Í Evrópu er sífelld lögð meiri áhersla á skapandi greinar sem atvinnugrein til framtíðar. Ef halda á áfram að byggja upp þessa atvinnugrein á Austurlandi er brýnt að kortleggja bæði efnisleg og óefnisleg hræfni og auðlindir, styrkja innviðina og færa upp á næsta stig, til að mynda með öflugu rannsóknasetri og miðstöð á sviði hönnunar og listhandverks, sem bættist þá við í flóru þeirra menningarmiðstöðva sem fyrir eru á Austurlandi í myndlist, tónlist og sviðslistum.

Mikið var rætt um mikilvægi grasrótarinnar sem hefur stofnað með sér samtök, „SAMfélagið“, og að frumkvæðið og hugmyndirnar komi þaðan en hún njóti jafnframt öflugrar stoðþjónustu frá aðilum á borð við Austurbrú og stuðnings frá íbúum Austurlands.

Lára Vilbergsdóttir, verkefnisstjóri skapandi greina hjá Austurbrú sagði vinnustofuna hafa verið einkar gagnlega. „Næstu skref eru að vinna úr öllum þeim upplýsingum og tillögum sem þarna komu fram, að líkindum munum við efna til nokkurra vinnufunda í smærri hópum, áður en við leggjum fram í stefnu í skapandi greinum fyrir Austurland til ársins 2020. En það eru spennandi tímar framundan í þessum geira í þessum landshluta.“

Getur „frétt“ rústað lánstrausti íbúa í heilu byggðarlagi?



Fjölgun ferðamanna til landsins hefur fætt af sér mikinn drifkraft í ferðaþjónustuna sem nú er í örum vexti og miklum þælingum sem honum fylgir. Spáð er áframhaldandi aukningu ferðamanna á næstu árum.

Ferðaþjónustan og markaðurinn kalla eftir að byggt sé ört og meira gistirými, s.s lúxus-, fimm-, fjögurra og þriggja stjörnu hótél og fundarsalir. Gistiheimili, farfuglaheimili, matsölustaðir og fleiri valkosti vantar til afþreyingar fyrir ferðafólk og bæta þarf aðgengi að vinsælum náttúruperlum.

Einstaklingar og fyrirtæki í ferðaþjónustu sjá þarna aukin tækifæri og vilja mæta þeim. Mest virðist þörfin vera sem fyrr á S-V horninu þar sem menn hugsa og framkvæma stórt þessa dagana ef marka má fréttir. Landsbyggðin tekur einnig vel við sér og þar eru víða framkvæmdir hafnar eða eru í burðarliðnum með hjálp lánastofnana. Bankarnir, „stúttfullir“ af peningum sem litla vinnu hafa, sjá nú tækifæri og lána grimmt á réttum stöðum í álitleg verkefni. Landshlutar og svæði innan þeirra eru mismunandi álitlegir viðskiptavinir.

Á Austurlandi hafa Fljótssdalshérað, Hornafjörður og stærri byggðakjarnar í Fjarðabyggð sótt í sig veðrið og þar eru nokkur verkefni í gangi sem njóta trausts og fyrirgreiðslu lánastofnana. Seyðisfjörður er einn elsti ferðaþjónustubær á Austurlandi og tekur árlega á móti tugum þúsunda ferðamanna inn og út úr landinu. Hann er nú í þörf fyrir að taka þátt í uppbyggingunni og bæta enn frekar aðstöðuna í kaupstaðnum. Nokkrir aðilar undirbúa og vinna við að auka við t.d. gistirými í bænum en það hefur vantað. Þeir hafa verið eins og aðrir í viðræðum við lánastofnanir um fyrir-

greiðslu sem lofaði góðu enda töpuðu bankarnir ekki fjármunum sínum á Seyðisfirðingum í hruninu.

Sérstaða Seyðisfjarðar liggur m.a í Húsahótelinu – Hótel Öldunni, sem gerir t.d. upp gömul norsk hús og breytir þeim í hótél eða gistingu. Fleiri aðilar vilja nú koma til og styrkja þennan þátt ferðaþjónustunnar og auka gistirými í vaxandi ferðamannabæ.

Þá gerist þetta: „Frétt fer í loftið“ á haustdögum sl. um að stjórn Smyril-Line hugsi sér til hreyfings með skipið Norrænu, að vetri til, frá Seyðisfirði og sé þegar í viðræðum við hafnaryfirvöld í Fjarðabyggð. Það sem ekki hefur heyrst eða farið í loftið sem „frétt“ er sú staðreynd að: „Engin formleg tilkynning um slíkt hefur borist bæjaryfirvöldum á Seyðisfirði frá rekstraraðilum enda er bindandi samningur fyrir báða aðila í fullu gildi. Seyðisfirðingar (hafnarsjóður) eru fjárhagslega skuldbundnir vegna kostnaðarsamra framkvæmda í landi sem eru hannaðar og sérstaklega gerðar fyrir skipið og móttöku ferðafólks. Frá þeim skuldbindingum er og verður ekki hlaupið svo auðveldlega.

Engin lánafyrirgreiðsla: Í samtölum við þrjá aðila, tvo eigendur ferðaþjónustufyrirtækja og einstakling, sem standa í framkvæmdum, staðfestu þeir að lánastofnanir sem þeir höfðu verið í viðræðum við um fyrirgreiðslu við verkefni sín hefðu, eftir þessa frétt, dregið hana til baka. Lánafyrirgreiðsla er ekki lengur til staðar. Fleiri íbúar hafa sömu sögu að segja varðandi t.d. fyrirhuguð íbúðarkaup. Ástæðan sem nefnd er: Óvissuástand á Seyðisfirði framundan, sem m.a. þessi „frétt“ skapar.

Er nema von að spurt sé? Getur ein „frétt“ rústað lánstrausti íbúa í heilu byggðarlagi?

Þorvaldur Jóhannsson fyrrv. bæjarstjóri, nú eldri borgari á Seyðisfirði

KIRKJUSTARF



www.kirkjan.is/austurland

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

SJÓVÁ

440 2400

Sjóvá • Miðvangi 1 • 700 Egilsstöðum
Opíð 8:30 - 16:30 alla virka daga.

BÓKHALDS- UPPGJÖRS- OG SKATTAPJÓNUSTA



Skrifstofufjónusta Austurlands
www.skrifa.is

Egilsstöðum s. 471 1171 sb@skrifaf.is
Seyðisfirði s. 472 1212 eyglo@skrifaf.is

Borgarfirði s. 895 9972
bjossialla@skrifaf.is

Fjarðabyggð s. 474 1123
sigurbjorg@skrifaf.is

FLUTNINGAR



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:

Reyðarfjörður, Eskifjörður,
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
Breiðdalsvík: 525 7973

Egilsstaðir: 525 7970

Neskaupstaður: 525 7974

Djúpvogur: 525 7966

Hornafjörður: 525 7978

Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

INNANSTOKKS



Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.

Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
0301 og 892 7635.

Egilsstaðir: Furuvellir 10
Þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
kl. 20:00,

laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.

Þjónustusími 898 3910.

Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin

laugardaga kl. 20:30.

Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8

Þriðjud. kl. 21:00,

Safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.

Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00

í safnaðarheimilinu.

HÁR & SNYRTING



Opíð virka daga 9:00 - 17:00

VEITINGAHÚS

**Brekkan
Stöðvarfirði**

Verslun, veitingar og gjafavara
Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud.
kl. 11:00 - 20:00, sími 475 8939.



Gisti- og veitingahús

Búðargötu 4 Reyðarfirði • Sími 470 5555

Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



www.lakehotel.is • sími 471 1114


Hótelíð við Fljótið

Eldhúsið opið alla daga 11:30 til 22.



Mán-Fös: 07.30 – 17.30
Laugardaga: 09.00 – 16.00
-FYRIRTEKJAPJÓNUSTA-
Sími: 475-8000

BIFREIÐAPJÓNUSTA



Bílaverkstæði Austurlands
Bílaverkstæði/bílasala
Opíð mán.-fim. Kl. 8 - 18 - Fös kl. 8 - 17
Sími 470 5070



Réttingar og sprautun • Framrúðskipti
Bílaeiga.

Opíð virka daga kl. 8 - 18



Smiðjusel 5 • Fellabæ
700 Egilsstaðir • s: 471 1696



Sólvangur 5 700 Egilsst. Sími 471-3003
abegilsstadir.is mán-föst 8-18 laug 11-14.



Bifreiðaverkstæði

Mán. - fim. 8 - 18 • Fös. 8 - 16.
Sími 414-9420

ÞVOTTAHÚS



Opíð 7 - 12 og 13 - 17 • 474-1274

BÍLA- OG VÉLAVERKSTÆÐI



Sími 471 2013 • www.rafey.is
Miðási 11 • 700 Egilsstaðir

Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélapjónusta • 8:00 til 18:00



austur glugginn


Vilt þú verða umræðuhæfur á kaffistofunni?

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er **6966110**



**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerið verðsamanburð**



„Markmiðið er að hafa gaman“

Helgubúð á Reyðarfirði nýtur sífellt meiri vinsælda



Helga Hjörleifsdóttir ræður ríkjum í Helgubúð.

senn nytjamarkað, umboðssölu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, vinnustofu HH skarts og saumaverkstæðið SEG.

Ýmis starfsemi undir sama hatti

Það er Helga Hjörleifsdóttir sem er eigandi Helgubúðar, en hvernig stóð á því að hún fór að reka slíkt fyrirtæki? „Ég var með þeim í Fjarðaportinu, sem var umboðssala og nytjamarkaður hér á Reyðarfirði fyrir nokkru. Síðan hann lagðist af hefur mig dreynt um að opna eitthvað sambærilegt. Aðalmálið fyrir mig var þó að fá vinnuaðstöðu fyrir skartgripagerðina mína, HH skart, sem ég hef dundað mér við í nokkur ár. Hún hefur vaxið jafnt og þétt, en til þess að byrja með var ég við borðstofuborðið heima og svo í bílskúrnun. Þegar þetta húsnaði Launafis losnaði, sló ég til og opnaði hér.

Hugmyndin vatt svo upp á sig og í dag er hér verkstæðið mitt og einnig saumaverkstæðið SEG sem Snjólaug Eyrún Guðmundsdóttir rekur en hún býður upp á alhliða saumaviðgerðir og sérhannanir af öllu tagi. Svo er það nytjamarkaðurinn, en allur ágóði af honum rennur í velferðarsjóð (Kirkjan, Rauði krossinn, Kvenfélag Reyðarfjarðar, Félagsþjónusta Fjarðabyggðar og fleiri). Að síðustu er hér líka umboðssala fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Einnig þykir mér gaman að fá vörur eftir annað handverksfólk til kynningar, en það er um að gera að við sem erum að brasa hvert í sínu horninu sýnum samstöðu. Þá er ég með muni frá Krabbameinsfélaginu til sölu,“ segir Helga.

Góðar viðtökur

Helga segir viðtökurnar hafa verið mjög góðar og sér stiganda í fjölda gesta eftir því sem tíminn líður og verslunin spyrst út. „Aðalmarkmiðið er þó að hafa gaman og eitthvað skemmtilegt við að vera. Við vorum með kaffi og vöffur síðasta laugardag og það var virkilega skemmtilegt. Mig langar að hafa fast kaffihorn þar sem fólk kemur og sýnir sig og sér aðra, en ég stefni að því að bjóða upp á eitthvað skemmtilegt á laugardögum.“

Helga segir það skiljanlegt að fólk taki ódýru fatasölunni fegins hendi eins og staðan er í þjóðfélaginu í dag. „Ég er með pokasölu á þeim fötum sem koma á nytjamarkaðinn, 1000 krónur pokinn. Fyrir barnafjölskyldur er

það ekki lítil búbot, þar sem fót eru rándýr og fólk er að berjast í bökkum. Hingað kemur allskonar fólk – allt frá krökkum og ungu fólki upp í eldra fólk sem finnur eitthvað við sitt hæfi. Helga er bjartsýn á framhaldið og stefnir að því að halda ótraud áfram.



Í Helgubúð kennir ýmissa grasa.

Það ætti enginn að láta Helgubúð fram hjá sér fara en hún er opin þriðju-daga til föstudaga frá 14–18 og laugardaga frá 13–18.

Erna fyrst íslenskra kvenna til þess að ljúka keppni í alpagreinum á vetrarólympíumóti fatlaðra



Ólympíuförum var vel fagnað við heimkomuna.

Eygló Harðardóttir, félags- og hús-næðismálaráðherra, fulltrúar frá Íþróttasambandi fatlaðra og Íþróttasambandi Íslands og aðstandendur og vinir tóku fagnandi á móti Ernu Friðriksdóttur og Jóhanni Þór Hólmgrímssyni við heimkomu þeirra frá Vetrarólympíumóti fatlaðra í Sochi í gær.

Okkar kona stóð sig með þryði á mótinu en hún keppti bæði í svig-keppni sitjandi kvenna og í stórsvigi sitjandi kvenna. Hún hafnaði í níunda sæti í báðum greinum og er fyrst íslenskra kvenna til þess að ljúka keppni í alpagreinum á vetrarólympíumóti fatlaðra.

Ný atvinnutækifæri fyrir fólk á landsbyggðinni



Dagný Hulda Jóhannsdóttir

Framsækið sprotafyrirtæki sem nýverið var sett á stofn kemur til með að skapa ný atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Aðstoðarmaður.is býður fyrirtækjum upp á fjaraðstoð við hin ýmsu verkefni.

„Annað af meginmarkmiðum Aðstoðarmaður.is er að skapa atvinnutækifæri fyrir fólk úti á landsbyggðinni. Eðli starfsins, en það er rafrænt, gerir fólki kleift að vinna verkefnið hvar sem er og því skapast tækifæri fyrir þá sem vilja búa á landsbyggðinni að fá starf við sitt hæfi,“ segir Dagný Hulda Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Dagný er annar stofnenda Aðstoðarmaður.is ásamt Unni Valborgu Hilmarsdóttur. „Við sækjum hugmyndina erlendis frá þar sem fjaraðstoðarmenn eða „Virtual assistants“ eru vel þekktir. Fyrirtækið er byggt upp að kanadískri fyrirmynd og í góðu samstafi við einn helsta hugmyndafræðin, skipulag og verkferlar þaulreyndir um margra ára skeið, þó svo að fyrirtækið sé nýtt og atvinnugreinin lítt þekkt hér á landi enn sem komið er.

Oft skortir fjármagn í litlum og meðalstórum fyrirtækjum til að ráða fastan starfsmann til að sinna hinum ýmsu verkefnum sem fylgja rekstrinum. Við viljum koma til móts við þessa þörf með því að bjóða upp á fjaraðstoð við lausn þessara verkefna. Vel reyndir aðstoðarmenn geta þannig leyst flest af þeim verkefnum sem fyrirtæki vilja útvista. Úti um allt land situr fólk með mikla þekkingu og reynslu sem það hefur kannski ekki haft tækifæri til að nýta til fulls. Er þetta því kjörið tækifæri fyrir það að fá verkefni við sitt hæfi, þar sem það er staðsett,“ segir Unnur Valborg.

Fyrirtæki geta með þessari þjónustu fengið aðstoð við að sinna skyldum eins og tollskýrslugerð, gistináttaskýrslum, áhættumati og gerð starfsmannaskírteina. Einnig textagerð, svörun tölvupósts, umsjón með heimasíðu, gagnaflokkun, gagnagreiningu og svo mætti lengi telja. Í grundvallaratriðum má þannig sinna hvers konar umsýslu sem hingað til hefur oftast verið framkvæmd innan fyrirtækjanna sjálfra. Með aðstoð tækninnar er nú auðvelt að vinna þessi verkefni hvaðan sem er.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar á vefsíðunni www.adstodarmadur.is



Sælkerar vikunnar



Ljúffengur Nautahakksréttur.

Sælkerar síðustu viku, þau Sigríður Margrét Guð-jónsdóttir og Stefán Pétur Pétursson, skoruðu í framhaldinu á bróður Sigríðar og mágkonu, þau Stefán Karl Stefánsson og Erlínu Emmu Jóhannsdóttur.

Nautahakksréttur

- 500 gr gott nautahakk
- 1 laukur
- 1-2 gulrætur
- 1 askja sveppir
- 1 dós tómatsúrra
- 1 dl vatn
- 1/2 dl tómatsósa (eða meira eftir smekk)
- 1 og 1/2 dl matreiðslurjómi (eða rjómi og mjólk)

- 1 nautakraftsteningur
- 1/2 -1 banani (ekki nauðsynlegt)
- Kjöt og grillkrydd (eða það steikarkrydd sem þið eigið)
- Salt og pipar eftir smekk
- 250 gr pasta. (Ef þið viljið gera réttinn hollari má nota heillveitipasta í staðinn. Það má líka alveg bæta við pasta ef von er á fleirum í mat).

Skerið grænmetið fínt og steikið upp úr olíu í smá stund. Bætið nautahakkinu saman við og steikið með grænmetinu. Kryddið með kjöt og grillkryddi. Þegar hakkið er steikt er tómatsúrrunni bætt við ásamt vatninu, tómatsósunni og nautakraftinum. Þetta er látið malla meðan pastað er soðið.

Þegar pastað er tilbúið og komið í skál, hellið þið rjómanum út á hakkið. Blandið vel saman og látið malla við lágan hita í u.þ.b. hálf tíma. Eftir því sem kjötsósan er látin malla lengur því betri verður hún.

Smakkið í lokin til með salti og pipar eða meiri nautakrafti. Þegar kjötsósan er klár er bananinn skorinn og settur út í. Bananinn má ekki sjóða, bara hitna. Hægt er að nota þessa kjötsósu einnig þegar búa á til lasagne en þá er sveppunum og banananum sleppt og hvítlauk bætt við í staðinn.

Hellið hakksósunni yfir pastað og blandið vel. Ef þið kjósið að hafa sósuna þynnri þá bætið þið meiri rjóma eða vatni við sósuna. Berið fram með grænmetissalat og grófu brauði.

Hollur bananaís

Ef þið sjáið fram á að bananarnir séu að skemmast á eldhúsbekknunum skerið þið þá niður og setjið í frost. Tilvalið er svo að grípa í þá þegar búa á til þeytingu eða þennan ís.

- 2 frosnir bananar
- 4 msk kakó (meira eða minna eftir smekk)
- Smá rjómi eða mjólk ef vill

Takið banana úr frosti nokkru áður en búa á ísinn til. Setjið hráefnin í matvinnsluvél (vélin þarf að vera öflug) og vinnið vel saman. Þetta tekur einhverja stund, sérstaklega ef bananarnir eru mjög frosnir. Ekki er nauðsynlegt að nota rjóma en ísinn verður enn betri við það. Setjið í skálar og skreytið með berjum og þeyttum rjóma.

Við skorum á Hrafnhildi Lóu Guðmundsdóttur og Þorstein Ágústsson í Neskaupstað sem næstu sækera.

Vafasamur heiður

Lokaorð vikunnar á Jón Svanur Jóhannsson



Þegar ég var á þriðja ári í framhaldsskóla hlotnaðist mér sá heiður að vera veitt verðlaun í ljóðasamkeppni skólablaðsins fyrir fullum hátíðasal skólans. Það eitt og sér þótti nokkuð óvenjulegt, því venjulega voru öll verðlaun fyrir smásögur og ljóð veitt í kyrrþey. Verðlaunahafar fengu þá nafn sitt skráð í blaðið, voru króaðir af einhvers staðar á göngum skólans og þeim veitt viðurkenning.

Ég minnst þess því ekki að hafa nokkurn tímann klappað fyrir verðlaunahöfum blaðsins á þeim árum sem ég stundaði þarna nám. En þetta árið varð aldeilis breyting.

á. Skólablaðið átti 60 ára afmæli og því var slegið til veglegra hátíðarhalda. Hátíðasalurinn var skreyttur og öllum nemendum var boðið til veislu. Eftir að ritstjórnin hafði haldið stutt söguágrip um líf blaðsins var hafist handa við að veita viðurkenningar.

Byrjað var á því að veita verðlaun í ljóðasamkeppni blaðsins. Og einmitt þannig atvikaðist það að ég varð, að því er ég best veit, fyrstur allra til að fá þessa viðurkenningu opinberlega í stað þess að vera króaður af í einhverju skúmaskoti. Var ég kallaður fram á sviðið við húrrahrópandi fjölmenni og tók við glæsilegum verðlaunum, bókum og verðlaunagrip, sem meira að segja hafði allt verið merkt mér með áletrunum og skrautskrift.

Var það mál manna að gaman hefði verið að sjá hve verðlaunin komu mér mikið á óvart, ólíkt hinum verðlaunahöfum sem hefðu greinilega búist við sinni upphæfð. Það hefði því verið hressandi að sjá hógværdina sem skein af mér. Það var hins vegar ekki hógværd sem skein af mér.

Verðlaunin komu mér vissulega á óvart en ekki vegna þess að ég sé hógværi í eðli mínu. Þau komu mér á óvart vegna þess að ég sendi aldrei ljóð inn í keppnina. Þegar ég var kallaður upp stóð ég frammi fyrir tveimur valkostum: Annaðhvort myndi ég leika hlutverkið, taka á móti verðlaununum og öllu hrósini og leiðréttu málið seinna. Eða þá að ég myndi leiðréttu málið á staðnum og þannig „eyðileggja“ hátíðarhöldin. Þar sem ég orðaði möguleikana svona í huganum valdi ég fyrri kostinn, baðaði mig upp úr frægðarljómanum í nokkrar mínútur og skilaði svo af mér verðlaununum baksviðs. Upp úr kraisinu kom að bekkjarbróðir minn og nafni hafði átt ljóðið. Sá hafði aðeins merkt það með nafninu Jón og svo bekknum okkar.

Ritstjóri blaðsins útskýrði það fyrir mér að þegar ritstjórnin fékk ljóðið inn á borð til sín hefði hún farið yfir þessa fremur takmörkuðu merkingu á ljóðinu og komist að þeirri niðurstöðu að ég væri sá eini í bekknum sem hugsanlega myndi dirfast að merkja ljóð á þennan hátt og ætlast til að allir vissu hver ég væri. Hún notaði ekki orðið „hrokafullur“ en merkingin skein í gegn.

Ég móðgaðist í örskamma stund en mundi svo eftir því þegar ég varð í öðru sæti í smásagnasamkeppni í einhverju barnablaði mörgum árum fyrr. Þá hafði ég bókað sigur löngu áður en úrslit voru kynnt og varð móðgaður þegar ég vann ekki. Þannig að þetta var sennilega alveg rétt ályktun hjá ritstjórninni. En það breytir því ekki að í söguannálum er samt enn minnst á hve verðlaunahafinn í ljóðasamkeppni þessa árs var hógværi og litillátur þegar hann tók við verðlaununum uppi á sviði.

Að lokum má geta þess að eftir því sem ég best veit á nafni minn og fyrrverandi bekkjarbróðir ennþá verðlaunagrip og bækur sem hann fékk hvoru tveggja afhent einhvers staðar á göngum skólans án þess að klappaði áhorfendur væru viðstaddir. Allir þessir gripir eru merktir mér með áletrunum og skrautskrift.